

Atvinnumál

Atvinnumál brenna á íbúum sveitarfélaganna í A-Hún. Ekki verður fjallað sérstaklega um þau en bent er á skýrslur sem unnar hafa verið og gefa góða mynd af stöðunni. Á vef <https://sameining.huni.is/index.php> undir ýmis gögn er til að mynda skýrslan *Atvinnuuppbygging í Austur-Húnavatnssýslu*, sem er greinargóð lýsing á stöðunni. Í samtölum við íbúa kom fram að atvinnuuppbygging væri það sem stæði framþróun svæðisins fyrir þrifum og mikill samhljómur hvað varðar þá skoðun að sameinað sveitarfélag nái meiri slagkrafti. Nokkur dæmi af fjölmörgum sem komu fram í samtali við íbúa um atvinnumál:

- *Sameinað sveitarfélag gæti staðið sterkara gagnvart uppbyggingu atvinnulífs, í langflestum tilvikum erum við kraftlaus, spýtum engu áfram.*
- *Uppbygging ferðaþjónustu, fullt af góðum hugmyndum til, vantar fólk til að vinna að þeim.*
- *Ekki barist um bitana heldur skiplagt hvert atvinna á að fara og fá þá kannski tvo til þrjá minni. Kemur heildarsýn.*
- *Nefna Vinnuálastofnun sem frábærlega velheppnað dæmi og segja að fleiri íbúar væru löngu farnir ef ekki hefði komið þessi vinnustaður.*
- *Kostur að vera í miðri hringiðunni þarf að sjá tækifærin í því. (Ferðaþjónusta)*
- *Reynt að gera áttak í atvinnuuppbyggingu en gengur illa þegar viðsemjendur standa frammi fyrir að tala við fjögur sveitarfélög í stað eins.*

Ljóst er að íbúum þykir sóknarfæri í ferðaþjónustu. Því er vert að benda á eftirfarandi skýrslu unna af Byggðastofnun <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/ferdathjonusta-stada-og-horfur-2016.pdf>.

Byggðastofnun vann þjónustukönnun fyrir Norðurland vestra og voru niðurstöður hennar gefnar út í skýrslu árið 2016 sjá hér <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun-2016.pdf>. Þar er meðal annars umfjöllun „um atvinnuþátttöku og atvinnusókn, það er hvort vinna sé sótt út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn“

Vert að benda á að atvinnumál eru ekki í verkahring sveitarfélaga en út um land er þetta eitt af stóru málunum sem sveitarfélög vinna að, enda undirstaða byggðar.